

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

2013-2025

Aðalskipulag Hafnarfjarðar – óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr 123/2010.

Samþykktir og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem lögð var fram skv. 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann _____ 2021

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar

þann: _____ 2021

Forsendur.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 kemur fram í greinagerð, kafla 3.5.3 áherslur í ferðapjónustu.

Í kafla 2.2.9 Frístundabyggð koma einnig fram almenn ákvæði um frístundabyggðina í Sléttuhlíð og Klifsholti.

Í hvorugum þessa kafla eru ekki sett fram skýr ákvæði um hvar megi reka gististað og hvar ekki. Vísað er í ferðamálastefnu bæjarins frá 2013 sem unnin var af menningar-og ferðamálanefnd bæjarins og kemur þar fram að stefnt skuli að því að kynna bæinn og nágrenni hans sem kjörin og eftirsóttan áfangastað fyrir ferðamenn árið um kring og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun þeirra sem hingað koma.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 19. maí sl. var gerð eftirfarandi

bókun: Á fundi skipulags- og byggingarráðs dags. 19.11.2019 var skipulagsfulltrúa falið að kanna afstöðu sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð til þess að heimilað yrði að samþykkja gistiaðstöðu í flokki II á svæðinu.

Erindið var kynnt fyrir eigendum og bárust athugasemdir.

Á fundi þann 24. mars. sl. var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar þar sem bætt yrði í greinargerðina heimild til að samþykkja gistiaðstöðu í flokki II í frístundabyggðinni í Sléttuhlíð. Fram kom í kynningargögnum að þeir sem hefðu gert athugasemdir á fyrri stigum þyrftu ekki að skila inna aftur sínum ábendingum. Ein athugasemd, samhljóða athugasemd sem barst á fyrri stigum, barst.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytingu á deiliskipulaginu samanber umsögn skipulagsfulltrúa og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 27. maí sl.

Breytingin var grenndarkynnt frá 14. apríl í 4 vikur. Athugasemdir bárust og hefur þeim verið svarað.

Breytingin var auglýst í b-deild Stjórnartíðinda þann 12. júní 2020

Í bréfi dags. 13. ágúst 2020 frá Skipulagsstofnun kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að það þurfi að vera til staðar skipulagsákvæði í aðalskipulaginu um tegund gististaða sem heilmilt er að reka í atvinnuskyni í frístundabyggð ásamt umfjöllun um það hvers vegna það sé talið ákjósanlegt.

Aðalskipulagsbreyting:

Breyting nær til kaflans *Frístundabyggð* þar sem bætt verður við textann:

Frístundabyggðin er umkringd góðum útivistarsvæðum og fallegum gönguleiðir enda er svæðið sérstaklega fallett og laðar til sín fólk í stórum stíl. Í ferðamálastefnu Hafnarfjarðar kemur fram að stefnt skuli að því að kynna bæinn og nágrenni hans sem kjörin og eftirsóttan áfangastað fyrir ferðamenn árið um kring og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun þeirra sem hingað koma.

Að bjóða uppá gistingu í Sléttuhlíð fyrir ferðamenn styrkir enn frekar þær áherslur sem fram koma í umræddri stefnu og ennfremur myndi hún styrkja þá ferðamennsku sem þarna er í dag.

Á svæðinu eru ferðabjónustufyrirtæki sem bjóða uppá hestaleigu og einnig eru fyrirtæki með norðurljósa- og stjörnuskoðunarferðir, hellaferð í Leiðarenda og einnig má nefna að Helgafell er það fjall sem laðar til sín fjölda göngufólks allan ársins hring.

Að bjóða uppá gistingu í Sléttuhlíð fyrir ferðamenn styrkir enn frekar þær áherslur sem fram koma í umræddri stefnu og ennfremur myndi hún styrkja þá ferðamennsku sem þarna er í dag.

Heimilt er að leyfa gistingu í flokki II á svæðinu sem er gististaður án veitinga að skilyrðum uppfylltum sem fram koma í reglugerð og lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.